

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 119/2012

2012/EES/56/16

frá 15. júní 2012

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2012 frá 30. apríl 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1051/2011 frá 20. október 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 692/2011 um evrópskar hagskýrslur um ferðamál að því er varðar uppbyggingu gæðaskýrslna og sendingu gagna ⁽²⁾.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 7c (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 692/2011) í XXI. viðauka við samninginn:

„7ca. **32011 R 1051**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1051/2011 frá 20. október 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 692/2011 um evrópskar hagskýrslur um ferðamál að því er varðar uppbyggingu gæðaskýrslna og sendingu gagna (Stjtið. ESB L 276, 21.10.2011, bls. 13).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1051/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. júní 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2012 frá 15. júní 2012 ⁽³⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júní 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 50, 13.9.2012, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 276, 21.10.2011, bls. 13.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L xx, 4.10.2012, bls. xx, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 4.10.2012, bls. 43.